



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við opnun sýningarinnar Síkvik veröld
í Listasafni Kópavogs
17. ágúst 1996**

Góðir sýningargestir,

Listasafn Kópavogs hefur á fáeinum árum náð þeim árangri að verða merkur vettvangur myndlistar og menningar í íslensku samfélagi. Það lýsti stórhug þessa ágæta bæjarfélags að ráðast á sínum tíma í að reisa Gerðarsafn, þar sem byggingarlistin og birta íslenskrar árstíða bjóða okkur í hverri heimsókn nýjan ramma um þá fjölskrúðugu list sem hér er sýnd.

Á undanförunum árum höfum við hjónin átt margar góðrar stundir hér í húsinu og virðing okkar fyrir framsýni og menningarlegum sóknarhug stjórnenda safnsins hefur vaxið jafnt og þétt.

Það er mér því sérstök ánægja að fá tækifæri til þess á fyrstu vikum í embætti að koma í Listasafn Kópavogs til að opna þá merku sýningu sem hingað er komin úr fjarlægum heimshluta.

Það sýnir á skemmtilegan hátt skapandi hugsun stjórnenda safnsins að þegar nýlokið er yfirlitssýningu um verk eins af djörfustu yngri málurum Íslands, skuli Gerðarsafn bjóða okkur aftur í japanskar aldir og brjóta þannig í blað í listrænum samskipum Íslands og Japan.

Samvinna Listasafns Kópavogs og Utagawa-félagsins í Japan færir okkur einstakt tækifæri til að svipast um í litríkri veröld japanskrar þrykklistar. Við getum nú í sölum Gerðarsafns numið andblæ myndlistar sem veitti frönsku impressionistunum nýja sýn og skilið betur áhrifin sem gáfu Monet nýja tóna.

Íslendingar sóttu á fyrri hluta þessar aldar listrænt uppeldi til nágrannaþjóða okkar í Evrópu. Heimsmýndin hefur hins vegar tekið miklum breytingum og á síðari árum hafa listræn áhrif frá bæði Asíu og Suður Ameríku auðgað mjög okkar íslenska garð.

Samskipti fjarlæggra þjóða eru uppspretta endurnýjunar sem er okkur mikilvægari en nokkru sinni fyrr. Vigdís Finnbogadóttir kemst réttilega svo að orði í kveðju til sýningarinnar:

„Samvinna ólíkra þjóða á ýmsum sviðum er snar þáttur í samfélagi nútímans. Um áratuga skeið hafa Japanir og Íslendingar átt talsverð viðskipti sín í milli. Menningarsamstarf þessara fjarlægju þjóða á sér hins vegar skemmri sögu. Því ber að fagna að á undanförunum árum hefur það aukist mjög og veitt gagnkvæma innsýn í hina ólíku menningarheima.”

Um leið og ég opna sýninguna Síkvik veröld vil ég þakka fulltrúum Utagawa-félagsins í Japan fyrir þá listaveislu sem þeir efna til í samvinnu við Listasafn Kópavogs. Það er einlæg von mín að þessi samvinna muni auðga menningu og mannlíf þjóða okkar.

Með þessum orðum opna ég sýninguna Síkvik veröld.